

6.nóvember 2024.

**Umsögn íbúaráðs Breiðholts um drög að ljósvistarstefnu Reykjavíkurborgar:**

Íbúaráð Breiðholts lýsir yfir ánægju með þá vinnu sem stýrihópurinn hefur unnið að og birtast í stefnunni. Telur ráðið brýnt að innleiðing Led-lýsingar haldi áfram en Breiðholtið var einmitt fyrsta hverfið sem fékk nýja Led-lýsingu. Áberandi munur fannst birtu í götum en munurinn var sérstaklega mikill á lýsingu t.d. við gönguþveranir og gangbrautir á og við leiðir barna til og frá skóla þar sem notaðar voru mun sterkari ljós einmitt til að tryggja öryggi gangandi og hjólandi. Ráðið tekur undir með mikilvægi hvað góð og fjölbreytt ljósvist tekur mið af ólíkum aðstæðum í borgarlandinu hverju sinni, sérstaklega til að tryggja öryggisfinningu þeirra sem eru á ferðinni í skammdeginu, fyrir gangandi og hjólandi en líka við fjölfarna staði sem laða að sér fólk og draga fram fallega hluti í borgarumhverfinu.